



Skautafélag Reykjavíkur,
Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 1. ágúst 2025

Efni: Úrskurður vegna atviks í leik Spyrrnis gegn SR í 5. deild karla 19. júlí 2025.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, þann 1. ágúst, var tekið fyrir erindi sem málskotsnefnd KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til gr. 6.2 og 6.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik sem átti sér stað í ofangreindum leik. Erindið barst nefndinni 22. júlí sl. og með bréfi, dags. 24. júlí sl., var SR veittur frestur til að skila greinargerð eða gera athugasemdir vegna málsins til kl. 12:00 þann 29. júlí 2025. Engar athugasemdir bárust frá SR og var málið því tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Niðurstaða:

Í samræmi við ákvæði 6.2. og 6.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem málskotsnefnd KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik sem koma inn á borð nefndarinnar frá málskotsnefnd KSÍ.

Að mati nefndarinnar liggur fyrir að dómarar leiksins hafi ekki séð atvikið og því verið ókleift að taka ákvörðun og afstöðu til þess.

Með erindi málskotsnefndar fylgdi myndband sem sjá má atvikið sem um ræðir. Aga- og úrskurðarnefnd telur sér heimilt með vísan til gr. 6.5 að styðjast við myndbandsupptökur þar sem ekki liggur fyrir skýrsla dómara eða eftirlitsmanns um atvikið. Að mati nefndarinnar sést á myndbandi sem liggur fyrir nefndinni að leikmaður nr. 51 hjá SR, Isaac Kwateng, slær til leikmanns Spyrrnis þegar boltinn er fjarri.

Að mati aga- og úrskurðarnefndar er um að ræða agabrot sem felur í sér óíþróttamannslega framkomu og varði viðurlögum samkvæmt 13. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Aga- og úrskurðarnefnd lítur á sem svo að sú háttsemi að slá til annars leikmanns sé alvarlegt agabrot þó ekki sé hægt að greina með vissu af myndbandi hvort um hafi verið að ræða olnbogaskot eða ekki. Með vísan til alls framangreinds er það mat aga- og úrskurðarnefndar að leikmaðurinn skuli sæta eins leiks banni í Íslandsmóti vegna háttsemi sinnar. Leikbann tekur gildi kl. 12:00 næsta dag eftir birtingu úrskurðar.

Úrskurðarorð:

Isaac Kwateng skal sæta eins leiks banni í Íslandsmóti.

Virðingarfyllt,
f.h. aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Axel Kári Vignisson